



Fréttabréf forseta

Ágætu DKG félagar

Þegar haustar og skólarnir eru byrjaðir, konur eru búnar að fara í berjamó og réttirnar þá er tímabært að kalla saman fyrsta DKG fund haustsins. Um þessar mundir er deildastarfið að hefjast og nýjar stjórnir eru að setja saman dagskrá vetrarins. Framkvæmdaráð hittist þann 6.sept. s.l. þar sem haldið var stutt námskeið fyrir nýja formenn. Ég vona að þið sem sátuð fundinn hafið fræðst og fundist gaman að hitta aðra formenn og DKG

konur. Fundargerðir stjórnar verða framvegis birtar á heimasíðunni okkar og þar má sjá nýjustu fundargerðina.

Mig langar að þakka öllum þeim sem komu að framkvæmdaráðsfundinum og gerðu okkur mögulegt að hittast og eiga góðan dag saman.

DKG

Styrkjum tengsl til framtíðar

Erlendar nefndir 2014-2016

Íslenskar konur voru í sumar valdar í 6 nefndir í alþjóðasamtökunum. Við óskum þeim til hamingju og alls hins besta í störfum sínum.

Auður Torfadóttir Etadeild í Constitution Committee,
Eygló Björnsdóttir Betadeild í World Fellowship Committee,
Dagbjört Ásgeirsdóttir Mydeild í Educators Award Committee,
Guðný Helgadóttir Gammadeild í Educational Excellence Committee,
Ingibjörg Jónasdóttir Gammadeild formaður í Membership Committee,
Sigríður Ragna Sigurðardóttir Alfadeild í Scholarship Committee.

Nominations Committee

Á alþjóðþinginu í Indianapolis í sumar var Sjöfn Sigurbjörnsdóttir kosin í Nominations Committee. Þessi nefnd starfar til fjögurra ára með aðalstjórninni og er þetta mikill heiður fyrir Sjöfn og okkur hér á Íslandi. Við óskum Sjöfn innilega til hamingju með glæsilega kosningu og velfarnaðar í þessu nýja starfi innan DKG.

Félagsgjöld

Ég minni á að best er að greiða félagsgjöldin í upphafi vetrar þannig að gjaldkeri geti gert skil á réttum tíma í október.

Aðalfundur— landssambandsþing

Verður á höfuðborgarsvæðinu 9.-10. maí 2015. Takið helgina frá því við ætlum að slá öll þátttökumet.

Dagsetningar

15.sept. - síðasti dagur til að sækja um að gerast alþjóðlegur fyrirlesari, International Speakers Fund.

31.okt - síðasti dagur til að greiða félagsgjaldið.

10.nóv. - Uppgjör gjaldkera til landssambands

Með kveðju
Guðbjörg,
forseti DKG
gugga@mitt.is